



# Sýslumannaráð

Allsherjar- og menntamálanefnd  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum nr. 16/1998 (skotvopn, skráning, varsla, eftirlit o.fl.)  
**349. mál.**

Sýslumannaráð veitti umsögn þingskjal 1478 í 946. máli á 153. löggjafarþingi. Umsögn ráðsins var dagsett þann 23. maí 2023.

Í stuttu máli sagt virðist hafa verið tekið tillit til mikilvægra ábendinga sem sýslumenn komu á framfæri í téðri umsögn við vinnslu frumvarps þess sem nú er til umfjöllunar fyrir nefndinni og lýsir Sýslumannaráð yfir ánægju sinni með það. Í ljósi þessa var ekki talið tilefni til veitingar sérstakrar umsagnar af hálfu sýslumanna við umfjöllun um frumvarpið á yfirstandandi þingi. Engu að síður var smávægilegum athugasemdum komið á framfæri við dómsmálaráðuneytið þegar hið síðarnefnda aflaði afstöðu sýslumanna við vinnslu minnisblaðs ráðuneytisins til nefndarinnar. Þær athugasemdir virðast ekki hafa skilað sér í minnisblað ráðuneytisins. Engu að síður, og í samræmi við umræður á fundi sýslumanna með nefndinni nú í morgun, er hér með komið á framfæri við háttvirta nefndarmenn eftirfarandi

## athugasemdum:

1. Í **14. gr. frumvarpsins** er mælt fyrir um breytingu á 16. gr. núgildandi vopnalaga nr. 16/1998:  
**Athugasemd:** Athuga þarf hvort rétt væri að vísa til í lög nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.
2. Í **31. gr. frumvarpsins** er mælt fyrir um ýmsar breytingar á lögum um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991:
  - a. 3. mgr. 9. gr. laganna:  
**Athugasemd:** Huga þarf að rétttri hugtakanotkun í upptalningu í 3. mgr. 9. gr.
    - i. Landlæknir: **Embætti landlæknis**
    - ii. Lánasjóði íslenskra námsmanna: **Menntasjóði námsmanna.**
    - iii. **Tryggingafélögum** er bætt við upptalningu í ákvæðinu með opinberum stofnunum en eiga væntanlega að teljast með viðskiptabönkum o.s.frv. í 2. málsli.
    - iv. Upptalning í 2. málsli. ætti að vera í dæmaskyni þar sem ákvæðið á við um alla þá sem eru í viðskiptasambandi við viðkomandi, en tilgreina mætti Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í ljósi þess að HMS heldur utan um stórt lánasafn og ekki er útilokað að sýslumaður þurfi að komast yfir upplýsingar úr fasteignaskrá, sem hýst er og rekin af HMS.

b. 3. mgr. 10. gr. laganna:

**Athugasemd:** Huga þarf að réttri hugtakanotkun í upptalningu í 3. mgr. 9. gr.:

i. Landlæknir: **Embætti landlæknis.**

ii. sjúkrahúsum: **heilbrigðisstofnunum.**

3. Á eftir orðinu „sambýlisfólks“ í 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: *“leyfi aðila fyrir vörslu skotvopna búsins”*.

**Athugasemd:** Hvaða leyfis er hér verið að vísa til? Er átt við skotvopnaleyfi útgefið af lögreglunni? Eða þeirrar staðfestingar sem sýslumaður gaf út á því hverjum voru falin tímabundin umráð skotvopnanna, sbr. 2. mgr. 11. gr.? (Sýslumaður hefur staðfestinguna undir höndum). Erfingjar geta ekki gert breytingu á hverjum voru falin umráðin skv. 2. mgr. 11. gr. nema með aðkomu sýslumanns. Það er fyrst mögulegt eftir útgáfu leyfis til einkaskipta á dánarbúi.

Hvolsvelli, 7. desember 2023

Kristín Þórðardóttir, formaður

(rafrænt undirritað)